

Rennslismælingar kringum Kolviðarhól

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-85-16A

RENNSLISMÆLINGAR KRINGUM KOLVIÐARHÓL

Frá því að borun kom til tals í Sleggjubeinsdal fyrir margt löngu, hefur verið gengið út frá því sem vísu, að skolvatn mætti fá úr lækjum í Sleggjubeinsdal og sunnan í Húsmúla. Skolvatnspörf Gufubors er 25-40 l/s, breytileg eftir skoltapi. Síðastliðin tvö rigningarsumur voru lækir á þessu svæði það vatnsmiklir, að rennslið hefði nægt fyrir borunina. Nú í sumar var tíðin hins vegar þurrviðrasöm og rennslið með minnsta móti og hefðu lækirnir sem áður var horft til engan veginn dugað bornum. Dagana 7. og 8. ág. var því farið á stúfana og rennsli mælt í öllum lækjum, frá Sleggjubeinsdal vestur að Draugatjörn. Á meðfylgjandi korti eru sýndir þeir lækir sem eitthvert rennsli var í og mældir voru ofanefnda daga.

Niðurstöður rennslismælinganna voru sem hér segir:

Lækur í Sleggjubeinsdal við borplan	6 l/s
Lækur í mýrarsvakka 300 m suðvestan við borstæðið	3,5 l/s
Lækur í Mógili	6 l/s

Utan við Mógil voru mældir fjórir lækir. Þrír þeir vestustu hverfa í jörð nærri jaðri Svínahrauns, sá fjórði fellur í Draugatjörn.

Austasti lækurinn mældist	5,5 l/s
2. lækur frá austri	7 l/s
3. lækur frá austri	4 l/s
Lækur sem fellur í Draugatjörn	2 l/s

Samtals 18,5 l/s

Alls mældist tiltækt vatnsmagn um 34 l/s. Vatn stóð hátt í Draugatjörn og mætti ná þar einhverju viðbótarvatni, a.m.k. um skamman tíma. Auðvelt er að sameina lækina fjóra milli Mógils og Draugatjarnar.

Ef bora ætti eftir skolvatni þyrfti að fara niður á hraunið suðvestan við Kolviðarhól. Fremur eru líkindi til, að vatnsmikil hola fáist þar heldur en í framburðinum, vegna þess hve leirborinn hann er.

Til að ná yfirborðsvatni í þurrkatíð eins og verið hefur undanfarið þarf að sækja vatnið um 1 1/2 km leið og safna því á nokkrum stöðum. Vega þarf kostnað við það á móti borun og lögn frá borholu, sem einnig yrði um 1 1/2 km.

